

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/2123****2020/EES/26/34****frá 10. október 2019**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi tiltekinna vara má fara fram á eftirlitsstöðum og sannprófun skjala má fara fram annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum a- og e-lið 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 er komið á fót ramma um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi til að sannprófa samræmi við löggjöf Sambandsins um landbúnaðartengda matvælakeðju. Þessi rammi nær yfir opinbert eftirlit sem haft er með dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins frá þriðju löndum.
- 2) Hvað þetta varðar, með það fyrir augum að tryggja skilvirka framkvæmd opinbers eftirlits og viðeigandi eftirlit með áhættu, ættu lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar að geta heimilað að sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sendinga af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum, sem um getur í c- og e-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, fari fram á öðrum eftirlitsstöðum en landamæraeftirlitsstöðvum, með fyrirvara um tiltekin skilyrði.
- 3) Af sömu ástæðum ætti þetta einnig að eiga við um sendingar af matvælum og fóðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, með fyrirvara um ráðstafanir sem kveðið er á um í gerðum sem um getur í d-, e- og f-lið 1. mgr. 47. gr. þeirrar reglugerðar.
- 4) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 ⁽²⁾ og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 884/2014 ⁽³⁾ er m.a. mælt fyrir um reglur sem varða framkvæmd á sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi sendinga af matvælum og fóðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem falla undir þær á öðrum eftirlitsstað en tilnefndum komustað. Í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 884/2014 er einkum mælt fyrir um skilyrði varðandi heimild fyrir flutningi sendingar á tilnefndan innflutningsstað vegna framkvæmdar á sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi, reglur varðandi skjöl sem krafist er að fylgi sendingunni á tilnefndan innflutningsstað, upplýsingaskyldur sem hvíla á lögbærum yfirvöldum á tilnefndum komustað og á rekstraraðilum sem bera ábyrgð á sendingunni og reglur sem gilda ef rekstraraðili ákveður að breyta tilnefndum innflutningsstað eftir að sendingin hefur farið frá tilnefndum komustað. Þessar reglugerðir eru felldar úr gildi frá og með 14. desember 2019 og þessi reglugerð ætti að koma í stað fyrrgreindra

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar auðið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB (Stjttíð. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 884/2014 frá 13. ágúst 2014 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1152/2009 (Stjttíð. ESB L 242, 14.8.2014, bls. 4).

ákvæða. Í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd opinbers eftirlits og viðunandi rekjanleika sendinganna ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að nýta til fulls möguleikana á upplýsingaskiptum varðandi opinbert eftirlit og rekjanleika sendinganna sem bjóðast með upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit (IMSOC) eða fyrirbyggjandi landsbundnum kerfum.

- 5) Lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar ættu við tiltekin skilyrði að heimila, að beiðni rekstraraðila, flutning á vörusendingu á annan eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð sem er tilnefnd fyrir viðkomandi vöruflokk. Í slíku tilviki ætti rekstraraðilinn að láta lögbærum yfirvöldum í té heiti og kóða í Traces-kerfinu fyrir eftirlitsstaðinn þangað sem flytja ætti sendinguna.
- 6) Eftir því sem þurfa þykir, í því skyni að framkvæma skilvirka sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, ættu lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar að geta farið fram á að rekstraraðilinn flytji vörurnar á annan eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð. Í slíkum tilvikum ættu lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar að fá samþykki frá rekstraraðilanum áður en þau heimila flutning á eftirlitsstað. Samþykki rekstraraðilans ætti að vera nauðsynlegt í ljósi flutningskostnaðar rekstraraðilans eða til að forðast aðstæður þar sem sendingar, sem innihalda vörur sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum, eru fluttar á eftirlitsstað sem er ekki staðsettur í hæfilegri fjarlægð frá landamæraeftirlitsstöðinni.
- 7) Í því skyni að takmarka áhættu fyrir plöntuheilbrigði eða lýðheilsu ætti að heimila flutning á sendingum af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum og af matvælum og fóðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, á eftirlitsstað á grundvelli fullnægjandi niðurstaðna úr sannprófun skjala á landamæraeftirlitsstöð.
- 8) Til að tryggja rekjanleika sendinga ættu lögbær yfirvöld á eftirlitsstað að upplýsa lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvarinnar um komu sendingarinnar. Ef slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir ættu lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar að sannprófa hjá lögbærum yfirvöldum á eftirlitsstað hvort sendingin hafi komið á eftirlitsstaðinn og ef sannprófunin sýnir að sendingin hafi ekki komið ættu þau að upplýsa tollyfirvöld um það svo og önnur yfirvöld, sem um getur í 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og framkvæma frekari athuganir til að ákvarða raunverulega staðsetningu sendingarinnar.
- 9) Í því skyni að lögbær yfirvöld geti framkvæmt skilvirka sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sendinga af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum ætti að senda þær frá landamæraeftirlitsstöðinni til eftirlitsstaðarins. Flutningurinn ætti að fara þannig fram að hann valdi ekki smitun eða sýkingu annarra plantna, plöntuafurða eða annarra hluta. Af þessum sökum ættu rekstraraðilar að tryggja að umbúðir eða flutningatæki séu lokað eða innsiglið meðan á flutningi á eftirlitsstað stendur. Í tilteknum tilvikum ættu lögbær yfirvöld að geta heimilað að umbúðir eða flutningatæki með sendingar af viði af barrtrjám séu ekki lokað eða innsiglið meðan á flutningi þeirra frá landamæraeftirlitsstöð til eftirlitsstaðar stendur að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í slíkum tilvikum ætti sá viður af barrtrjám, sem er í sendingunum, að hafa verið ræktaður eða framleiddur á landsvæði í þriðja landi þar sem þriðja landið deilir landamærum á landi með aðildarríkinu sem lögbært yfirvald er ábyrgt fyrir og þar sem upplýsingar liggja fyrir um að viðurinn hafi sömu plöntuheilbrigðisstöðu í fyrrgreindu þriðja landi og í því aðildarríki.
- 10) Í því skyni að skipuleggja skilvirkt, opinbert eftirlit ættu lögbær yfirvöld, þ.m.t. þau tollyfirvöld sem aðildarríkið hefur falið ábyrgðina á því að framkvæma opinbert eftirlit, eða lögbær yfirvöld á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð að geta innt sannprófun skjala af hendi annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð.
- 11) Með það fyrir augum að tryggja skilvirka framkvæmd opinbers eftirlits á öðrum komustað inn í Sambandið en á landamæraeftirlitsstöð ættu lögbær yfirvöld, þ.m.t. þau tollyfirvöld sem aðildarríkið hefur falið ábyrgðina á því að framkvæma opinbert eftirlit, að geta innt af hendi sannprófun skjala að því er varðar sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem falla undir lægri tíðni eins og mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1756/2004⁽⁴⁾.

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1756/2004 frá 11. október 2004 um að tilgreina ítarleg skilyrði um nauðsynleg gögn og viðmiðanir fyrir tegund og umfang til að draga úr eftirliti með plöntuheilbrigði tiltekinnna plantna, plöntuafurða eða öðrum hlutum sem eru tilgreindir í B-hluta V. viðauka við tilskipun ráðsins 2000/29/EB (Stjúd. ESB L 313, 12.10.2004, bls. 6).

- 12) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/313/ESB ⁽⁵⁾ er heimilað að eftirlit með ástandi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 669/2009 sé framkvæmt á samþykktum athafnasvæðum stjórnenda matvæla- og fódur fyrirtækja á Kýpur. Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/458/ESB ⁽⁶⁾ er að sama skapi heimilað að eftirlit með ástandi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 669/2009 sé framkvæmt á samþykktum athafnasvæðum stjórnenda matvæla- og fódur fyrirtækja á Möltu. Þar eð þessi reglugerð gildir um þau svæði sem falla undir fyrrgreindar ákvarðanir er rétt að fella ákvarðanir 2010/313/ESB og 2010/458/ESB úr gildi frá og með þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.
- 13) Þar eð reglugerð (ESB) 2017/625 gildir frá 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð einnig að gilda frá þeim degi í þágu samræmis og réttarvissu. Í samræmi við 165. gr. (4. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625 geta reglurnar, sem mælt er fyrir um í 53. gr. (e-lið 1. mgr.), þó einungis komið til framkvæmda a.m.k. 12 mánuðum eftir samþykkt þeirra að því er varðar sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem um getur í 47. gr. (c-lið 1. mgr.) sömu reglugerðar. Af þessum sökum verður gerð krafa um umbreytingarráðstafanir varðandi samsvarandi ákvæði í tilskipun 2000/29/EB ⁽⁷⁾ til 13. desember 2020. Þetta ár er nauðsynlegt til að gefa rekstraraðilum og lögbærum yfirvöldum meiri tíma til að koma sértækum kröfum í framkvæmd.
- 14) Þar eð þessi reglugerð gildir um svæði sem falla undir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/103/EB ⁽⁸⁾ að því er varðar plöntur, plöntuafurðir og aðra hluti, sem um getur í c-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, er rétt að fella þá tilskipun úr gildi frá og með 14. desember 2020.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lögbærum yfirvöldum er heimilt að inna af hendi:

a) sannpröfun auðkenna og eftirlit með ástandi á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð að því er varðar:

- i. sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum, sem um getur í 72. gr. (1. mgr.) og 74. gr. (1. mgr.) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 ⁽⁹⁾, og sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem falla undir neyðarráðstöfun sem kveðið er á um í gerðum sem eru samþykktar í samræmi við 28. gr. (1. mgr.), 30. gr. (1. mgr.), 40. gr. (3. mgr.), 41. gr. (3. mgr.), 49. gr. (1. mgr.), 53. gr. (3. mgr.) og 54. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/2031,

⁽⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/313/ESB frá 7. júní 2010 um að heimila að eftirlit með ástandi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 669/2009 sé framkvæmt á samþykktum athafnasvæðum stjórnenda fódur- og matvælafyrirtækja á Kýpur (Stjútíð. ESB L 140, 8.6.2010, bls. 28).

⁽⁶⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/458/ESB frá 18. ágúst 2010 um að heimila að eftirlit með ástandi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 669/2009 sé framkvæmt á samþykktum athafnasvæðum stjórnenda fódur- og matvælafyrirtækja á Möltu (Stjútíð. ESB L 218, 19.8.2010, bls. 26).

⁽⁷⁾ Tilskipun ráðsins 2000/29/EB frá 8. maí 2000 um verndarráðstafanir gegn því að inn í Bandalagið berist lífverur sem eru skaðlegar plöntum eða plöntuafurðum og gegn útbreiðslu þeirra innan Bandalagsins (Stjútíð. EB L 169, 10.7.2000, bls. 1).

⁽⁸⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/103/EB frá 7. október 2004 um sannpröfun auðkenna og eftirlit með plöntuheilbrigði plantna, plöntuafurða eða annarra hluta, sem eru tilgreind í B-hluta V. viðauka við tilskipun ráðsins 2000/29/EB, sem má fara fram á öðrum stað en á komustað inn í Bandalagið eða á nálægum stað og um að tilgreina skilyrði í tengslum við þetta eftirlit (Stjútíð. ESB L 313, 12.10.2004, bls. 16).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 frá 26. október 2016 um verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 228/2013, (ESB) nr. 652/2014 og (ESB) nr. 1143/2014 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 69/464/EBE, 74/647/EBE, 93/85/EBE, 98/57/EB, 2000/29/EB, 2006/91/EB og 2007/33/EB (Stjútíð. ESB L 317, 23.11.2016, bls. 4).

- ii. sendingar af matvælum og fóðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem falla undir ráðstafanir sem kveðið er á um í gerðunum sem um getur í d-, e- og f-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
 - b) sannprófun skjala annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð að því er varðar sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem um getur í 1. mgr. 72. gr. og 1. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2031.
2. Lögbær yfirvöld, sem eru staðsett annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð, m.a. á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð og á komustað inn í Sambandið, skulu framkvæma aðgerðir við og eftir sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130 ⁽¹⁰⁾.

I. KAFLI

Sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sem fram fer á öðrum eftirlitsstöðum en landamæraeftirlitsstöðvum

2. gr.

Skilyrði fyrir framkvæmd sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð

1. Sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi mega fara fram á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - a) rekstraraðilinn, þegar hann sendir fyrirframtilkynningu í samræmi við a-lið 3. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, eða lögbært yfirvald landamæraeftirlitsstöðvar hefur tilgreint í samræmda heilbrigðis- og innflutnings-skjalinu eftirlitsstaðinn þar sem sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi skulu fara fram,
 - b) niðurstöður úr sannprófun skjala, sem lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar inna af hendi, eru fullnægjandi,
 - c) lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar hafa skráð heimild sína til að flytja sendingu á eftirlitsstað í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið,
 - d) áður en sendingin fer frá landamæraeftirlitsstöð hefur rekstraraðilinn tilkynnt lögbærum yfirvöldum á eftirlitsstaðnum, þar sem sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi eiga að fara fram, um áætlaðan komutíma sendingarinnar og um flutningatæki með því að fylla út sérstakt samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal og senda það í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit,
 - e) rekstraraðilinn hefur flutt sendinguna frá landamæraeftirlitsstöð til eftirlitsstaðar undir tolltilsjón án þess að vörurnar séu affermdar meðan á flutningi stendur,
 - f) rekstraraðilinn hefur tryggt að sendingunni fylgi afrit af samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu, sem um getur í c-lið, á pappír eða á rafrænu formi á eftirlitsstaðinn,
 - g) rekstraraðilinn hefur tryggt að:
 - i. sendingum af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum, sem um getur í 72. gr. (1. mgr.) og 74. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/2031, sendingum af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem falla undir neyðaráðstöfun, sem kveðið er á um í gerðum sem eru samþykktar í samræmi við 28. gr. (1. mgr.), 30. gr. (1. mgr.), 40. gr. (3. mgr.), 41. gr. (3. mgr.), 49. gr. (1. mgr.), 53. gr. (3. mgr.) og 54. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/2031, og sendingum af matvælum og fóðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem um getur í 47. gr. (e- og f-lið 1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, fylgi á eftirlitsstað staðfest afrit af opinberu vottorðunum, sem um getur í 50. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, sem gefin eru út í samræmi við 50. gr. (2. mgr.) þeirrar reglugerðar,

⁽¹⁰⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130 frá 25. nóvember 2019 um að koma á ítarlegum reglum um þá starfsemi sem á að fara fram á meðan og á eftir sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi dýra og vara sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 128).

- ii. sendingum af matvælum og fóðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem falla undir ráðstafanirnar sem kveðið er á um í gerðunum sem um getur í e- og f-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, fylgi á eftirlitsstað staðfest afrit af niðurstöðum úr greiningu á rannsóknarstofu, sem lögbær yfirvöld í þriðja landi framkvæma, sem gefnar eru út í samræmi við 2. mgr. 50. gr. þeirrar reglugerðar,
 - h) rekstraraðilinn hefur tilgreint tilvísunarnúmer samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalsins, sem um getur í c-lið, í tollskýrslunni sem er lögð fram hjá tollyfirvöldum vegna flutnings sendingarinnar á eftirlitsstað og hefur geymt afrit af samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu þar sem tollyfirvöld hafa aðgang að því eins og um getur í 163. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 ⁽¹⁾.
2. Krafan um að staðfest afrit, sem um getur í i. og ii. lið g-liðar 1. mgr., fylgi sendingunni skal ekki gilda ef lögbær yfirvöld í þriðja landi hafa sent viðkomandi opinber vottorð eða niðurstöður úr greiningu á rannsóknarstofu í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit eða rekstraraðilinn hefur halað þeim upp í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit og lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar hafa gengið úr skugga um að þau séu í samræmi við upprunaleg vottorð eða niðurstöður úr greiningu á rannsóknarstofu.
3. Ef lögbært yfirvald í aðildarríki stýrir fyrirbyggjandi landsbundnu kerfi þar sem skráðar eru niðurstöður úr sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi skulu d- og h-liður 1. mgr. ekki gilda um sendingar sem fara frá landamæraeftirlitsstöð á eftirlitsstað innan sama aðildarríkis, að því tilskildu að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:
- a) upplýsingar um áætlaðan komutíma sendingar á eftirlitsstað og tegund flutningatækis liggja fyrir í fyrirbyggjandi landsbundnu kerfi,
 - b) fyrirbyggjandi landsbundið kerfi er í samræmi við eftirfarandi skilyrði:
 - i. það tryggir að tollyfirvöld og rekstraraðilinn fái upplýsingar tímanlega um heimildina sem um getur í c-lið 1. mgr. og að lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar fái upplýsingar tímanlega um komu sendingarinnar á eftirlitsstað,
 - ii. það skiptist á rafrænum gögnum við upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, þ.m.t. upplýsingum um höfnun sendinga og upplýsingum sem gera það kleift að auðkenna á skýran hátt hverja sendingu, t.d. með einkvæmu tilvísunarnúmeri,
 - iii. það tryggir að útfylling samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalsins, sem um getur í c-lið 1. mgr., megi einungis fara fram eftir skipti á rafrænum gögnum og staðfestingu frá upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit.

3. gr.

Sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sendinga af matvælum og fóðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem fara fram á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð

1. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að inna af hendi sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sendinga af matvælum og fóðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem falla undir ráðstafanir sem kveðið er á um í gerðunum sem um getur í d-, e- og f-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð ef annað af eftirfarandi á við:
 - a) rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, hefur farið þess á leit við lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar að sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi fari fram á eftirlitsstaðnum, sem hefur verið tilnefndur fyrir þann vörflokk sem er í viðkomandi sendingu, og lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvarinnar heimila flutning sendingarinnar á fyrrgreindan eftirlitsstað,
 - b) lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar hafa ákveðið að sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi fari fram á eftirlitsstaðnum, sem hefur verið tilnefndur fyrir þann vörflokk sem er í viðkomandi sendingu, og rekstraraðilinn andmælir ekki þeirri ákvörðun.
2. Lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar skulu inna af hendi sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, sem um getur í 1. mgr., ef annað af eftirtöldu á við:
 - a) lögbært yfirvald landamæraeftirlitsstöðvar hefur ekki veitt heimild eins og um getur í a-lið 1. mgr.,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtíð. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

- b) rekstraraðilinn andmælir þeirri ákvörðun að flytja sendinguna á eftirlitsstað eins og um getur í b-lið 1. mgr.

4. gr.

Sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sendinga af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem fara fram á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð

1. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að inna af hendi sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð að því er varðar sendingar af:

- a) plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem um getur í 1. mgr. 72. gr. og 1. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2031,
- b) plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem falla undir neyðarráðstöfun sem kveðið er á um í gerðum sem eru samþykktar í samræmi við 28. gr. (1. mgr.), 30. gr. (1. mgr.), 40. gr. (3. mgr.), 41. gr. (3. mgr.), 49. gr. (1. mgr.), 53. gr. (3. mgr.) og 54. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/2031.

2. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að inna af hendi sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, sem um getur í 1. mgr., á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð ef annað af eftirtöldu á við:

- a) rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, hefur farið þess á leit við lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar að sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi fari fram á eftirlitsstað, sem hefur verið tilnefndur fyrir þann vöruflokk sem er í viðkomandi sendingu, og lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvarinnar heimila flutning sendingarinnar á fyrrgreindan eftirlitsstað,
- b) lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar hafa ákveðið að sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi fari fram á eftirlitsstað, sem hefur verið tilnefndur fyrir þann vöruflokk sem er í viðkomandi sendingu, og rekstraraðilinn andmælir ekki þeirri ákvörðun.

3. Lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar skulu inna af hendi sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, sem um getur í 1. mgr., ef annað af eftirtöldu á við:

- a) lögbært yfirvald landamæraeftirlitsstöðvar hefur ekki veitt heimild eins og um getur í a-lið 2. mgr.,
- b) rekstraraðilinn andmælir þeirri ákvörðun að flytja sendinguna á eftirlitsstað eins og um getur í b-lið 2. mgr.

5. gr.

Sérstök skilyrði fyrir sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð að því er varðar sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum

1. Sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi mega fara fram á eftirlitsstað, að því er varðar sendingar sem um getur í 4. gr. (1. mgr.), að því tilskildu að rekstraraðilinn hafi tryggt að umbúðir eða flutningatæki sendinga séu lokað eða innsigluð á þann hátt að á meðan á flutningi á eftirlitsstað stendur geti þau ekki smitað eða sýkt aðrar plöntur, plöntuafurðir eða aðra hluti af skaðvöldum sem eru tilgreindir sem kvíaðir skaðvaldar Sambandsins eða sem ókvíaðir skaðvaldar sem reglur hafa verið settar um í Sambandinu, sem um getur í 5. gr. (2. mgr.) og 30. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/2031, og, ef um er að ræða vernduð svæði, af viðkomandi skaðvöldum sem eru í skránni sem komið var á fót skv. 32. gr. (3. mgr.) þeirrar reglugerðar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er lögbærum yfirvöldum landamæraeftirlitsstöðvar, sem er komustöð, heimilt að leyfa að umbúðir eða flutningatæki sendinga af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum séu ekki lokað eða innsigluð ef eftirfarandi skilyrði gilda:

- a) sendingin samanstendur af viði af barrtrjám sem var ræktaður eða framleiddur á landsvæði í þriðja landi þar sem þriðja landið deilir landamærum á landi með aðildarríkinu sem lögbært yfirvald er ábyrgt fyrir og þar sem upplýsingar liggja fyrir um að viðurinn hafi sömu plöntuheilbrigðisstöðu í fyrrgreindu þriðja landi og í því aðildarríki,
- b) sendingar af viði af barrtrjám eru fluttar á eftirlitsstað sem er staðsettur í sama aðildarríki og landamæraeftirlitsstöðin sem er komustöð,

- c) sendingar af viði af barrtrjám skapa ekki sérþæka áhættu á útbreiðslu á kvíuðum skaðvöldum Sambandsins eða skaðvöldum sem falla undir ráðstafanir, sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2031, meðan á flutningi á eftirlitsstað stendur,
 - d) áður en sendingin fer frá yfirráðasvæði aðildarríkisins tryggir lögbært yfirvald að slíkur viður sé unninn á þann hátt að hann skapi ekki áhættu fyrir plöntuheilbrigði.
3. Aðildarríki, sem beita ákvæðunum sem um getur í 2. mgr., skulu:
- a) upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um svæði viðkomandi þriðja lands og um plöntuheilbrigðisstöðu þess svæðis,
 - b) leggja árlega fram skýrslu um umfang og niðurstöður opinbers eftirlits með viðkomandi viði af barrtrjám.

6. gr.

Aðgerðir meðan á sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi stendur á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöð og í kjölfarið

1. Eftir að lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar hafa heimilað eða tekið ákvörðun um flutning sendingar á eftirlitsstaðinn sem er tilgreindur í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu skal rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, ekki framvísa sendingunni til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi á öðrum eftirlitsstað en þeim sem er tilgreindur í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu nema lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvarinnar heimili flutning sendingarinnar á annan eftirlitsstað í samræmi við a-lið 1. mgr. 3. gr. og a-lið 2. mgr. 4. gr.
2. Lögbær yfirvöld á eftirlitsstað skulu staðfesta komu sendingarinnar við lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar með því að fylla út samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr., í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit.
3. Lögbær yfirvöld á eftirlitsstað skulu ljúka við sérstaka samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið, sem um getur í 2. gr. (d-lið 1. mgr.), eða, ef 2. gr. (3. mgr.) gildir, við samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið, sem um getur í 2. gr. (c-lið 1. mgr.), með því að skrá í það niðurstöður úr sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi sem og allar ákvarðanir sem eru teknar varðandi sendinguna í samræmi við 55. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
4. Rekstraraðilinn skal tilgreina tilvísunarnúmer útfyllta samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalsins, sem um getur í 3. mgr., í tollskýrslunni, sem er lögð fram hjá tollyfirvöldum fyrir sendinguna og skal hafa afrit af þessu samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjali tiltækt fyrir tollyfirvöld sem fylgiskjal eins og um getur í 163. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013,
5. Ef lögbærum yfirvöldum landamæraeftirlitsstöðvar hafa ekki borist, innan 15 daga frá þeim degi sem flutningur sendingar á eftirlitsstað var heimilaður, staðfesting á komu sendingarinnar frá lögbærum yfirvöldum á eftirlitsstaðnum skulu þau:
 - a) fá staðfestingu hjá lögbærum yfirvöldum á eftirlitsstaðnum um hvort sendingin hafi komið á eftirlitsstaðinn,
 - b) ef staðfestingin, sem kveðið er á um í a-lið, sýnir að sendingin hafi ekki komið á eftirlitsstað, upplýsa tollyfirvöld og önnur yfirvöld, sem um getur í 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, um að þau hafi ekki fengið staðfestingu um komu sendingarinnar á ákvörðunarstað,
 - c) gera frekari athuganir til að ákvarða raunverulega staðsetningu varanna í samstarfi við tollyfirvöld og önnur yfirvöld eins og um getur í 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

II. KAFLI

Sannprófun skjala sem fer fram annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð

7. gr.

Sannprófun skjala að því er varðar sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem fer fram annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð

Önnur af eftirfarandi yfirvöldum mega inna af hendi sannprófun skjala að því er varðar sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum, eins og um getur í c-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem koma til Sambandsins:

- a) ef sending kemur á landamæraeftirlitsstöð: lögbær yfirvöld sem eru staðsett annars staðar en á landamæraeftirlitsstöðinni eða á öðrum eftirlitsstað en landamæraeftirlitsstöðinni, að því tilskildu að þau séu staðsett í sama aðildarríki og landamæraeftirlitsstöðin sem er komustöð sendingarinnar,
- b) ef sendingar falla undir lægri tíðni, eins og mælt er fyrir um í reglunum sem um getur í g-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og koma á annan komustað en landamæraeftirlitsstöð: lögbær yfirvöld á komustað í Sambandinu.

8. gr.

Skilyrði fyrir framkvæmd á sannprófun skjala að því er varðar sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem fer fram annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð

1. Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði fyrir framkvæmd á sannprófun skjala sem um getur í 7. gr.:
 - a) lögbær yfirvöld, sem um getur í 7. gr., skulu inna af hendi sannprófun skjala að því er varðar:
 - i. opinber vottorð og niðurstöður úr prófunum á rannsóknarstofu sem lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar, sem er komustöð sendingar, hala upp í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit,
 - ii. opinber vottorð og niðurstöður úr prófunum á rannsóknarstofu sem rekstraraðilinn halar upp í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit þegar lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar hafa gengið úr skugga um að þau séu í samræmi við upprunaleg vottorð eða niðurstöður úr prófunum á rannsóknarstofu,
 - iii. opinber vottorð og niðurstöður úr prófunum á rannsóknarstofum sem lögbær yfirvöld í þriðju löndum hala upp í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, eða
 - iv. upprunaleg opinber vottorð ef lögbær yfirvöld, sem um getur í 7. gr., eru hluti af tilnefndri landamæraeftirlitsstöð eins og um getur í 2. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1012 ⁽¹²⁾,
 - b) rekstraraðilinn skal ekki flytja sendinguna frá landamæraeftirlitsstöð á eftirlitsstað til sannprófunar aukenna og eftirlits með ástandi fyrir en lögbær yfirvöld, sem um getur í 7. gr., hafa upplýst lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvarinnar um að niðurstöður úr sannprófun skjala séu fullnægjandi.
2. Ef rekstraraðili á að flytja sendingu af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum á eftirlitsstað til framkvæmdar á sannprófun aukenna og eftirliti með ástandi skulu ákvæði 2., 4. og 5. gr. gilda.
3. Rekstraraðila er heimilt að flytja sendingu af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum frá landamæraeftirlitsstöð á eftirlitsstað til framkvæmdar á sannprófun skjala að því tilskildu að eftirlitsstaðurinn sé undir eftirliti sama lögbæra yfirvaldsins og landamæraeftirlitsstöðin.

III. KAFLI

Lokaákvæði

9. gr.

Niðurfellingar

1. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/103/EB er felld úr gildi frá og með 14. desember 2020.
2. Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2010/313/ESB og 2010/458/ESB eru felldar úr gildi frá og með 14. desember 2019.

⁽¹²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1012 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar undanþágu frá reglum um tilnefningu eftirlitsstaða og frá lágmarkskröfum fyrir landamæraeftirlitsstöðvar (Stjútíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 4).

10. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Ákvæði 4. gr. (a-liður 1. mgr.), 7. gr. og 8. gr. koma til framkvæmda frá og með 14. desember 2020.

Ákvæði 3. mgr. 2. gr. gilda til 13. desember 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
